

## Stjórn Veiðifélags Mývatns

Mývatnssveit 23. desember 2015

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

### **Athugasemdir stjórnar veiðifélags Mývatns við frumvarp til laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu (sameining stofnana), 371. mál.**

Stjórn Veiðifélags Mývatns leggst eindregið gegn sameiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn (RAMÝ) og þar með gegn frumvarpinu. Stjórn Veiðifélags Mývatns leggur áherslu á að faglegt starf innan svæðisins verði eftt en í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að með sameiningunni sé horft til samnýtingar á húsnæði, búnaði og starfsfólki. Ekki verður annað séð út frá þessum orðum en með sameiningu muni starfsemi RAMÝ að endingu flytjast frá Skútustaðahreppi til Höfuðborgarsvæðisins og þar með fjarri viðfangsefni RAMÝ og nærumhverfi. Í ljósi forsögu RAMÝ er slíkt algerlega óviðunandi.

Stjórn Veiðifélags Mývatns hvetur til þess að leitað verði lausna í samráði við heimamenn og Náttúrustofu Norðausturlands. Að mati stjórnar Veiðifélags Mývatns kemur til álita að verkefni RAMÝ, sem að mati stjórnar eru mjög mikilvæg, verði flutt til Náttúrustofu Norðausturlands með þjónustusamningi. Stjórn Veiðifélagsins vekur einnig athygli á bókunum þeirra sveitarfélaga, sem verndarsvæði Mývatns og Laxár nær til, sem leggjast hart gegn sameiningu RAMÝ og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Eðlilegt er að horft sé til afstöðu þeirra sveitarfélaga.

F.h. stjórnar Veiðifélags Mývatns



---

Helgi Héðinsson  
Formaður